

REGLUGERÐ

um meinatækna.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. grein skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Meinatæknaskóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

3. gr.

Ráðherra getur veitt öðrum en þeim, sem 2. grein tekur til, löggildingu eða tíma- bundið starfsleyfi, enda sanni viðkomandi að hann hafi menntun, sem sé sambærileg við próf úr viðurkenndum meinatæknaskóla skv. 2. gr.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir starfsleyfi eða löggildingu skv. 3. gr., að umsækjandi hafi meðmæli Meinatæknaskóla Íslands og Meinatæknafélags Íslands og uppfylli að öðru leyti þau skilyrði, sem á hverjum tíma eru sett fyrir atvinnuleyfi hér á landi.

5. gr.

Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til meinatæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi.

7. gr.

Um meinatækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur lækna- laga nr. 80 23. júní 1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi, um sviptingu starfs- réttinda og endurveitingu.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 64 1971 um tækni- menntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

1. júní 1973.

Nr. 181.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykkt fyrir Garðahrepp í Gullbringusýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingasamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. desember 1943, um breytingar á þeim lögum og skipulagslög nr. 19 21. maí

1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykkt fyrir Garðahrepp í Gullbringusýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd þá, sem félagsmálaráðuneytið hefur staðfest og birt með auglýsingu nr. 23/1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 1. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 50.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 100.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júní 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um nám og starfsréttindi lyfjatekna.

I. KAFLI

Markmið og stjórn lyfjateknaskóla.

1. gr.

Ríkið rekur skóla í samvinnu við Apótekarafélag Íslands. Skólinn heitir Lyfjateknaskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn heilbrigðisráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að tæknimennta aðstoðarfólk við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu.

3. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar stjórn skólans, þannig: Einn fulltrúa tilnefndan af Apótekarafélagi Íslands, einn tilnefndan af Lyfjafræðingafélagi Íslands, einn án tilnefningar, og skal hann vera lyfjafræðingur að mennt og einn tilnefndan af félagi lyfjatekna. Skólastjórnin skal skipuð til þriggja ára.

Ráðherra skipar formann skólastjórnar, en skólastjórn setur sér starfsreglur. Á fundum ræður afl atkvæða, en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.